# Brúðkaupsgjafir



ÞRIÐJUDAGUR 31. MAÍ 2011 • KYNNINGARBLAÐ



Guðrún M. Örnólfsdóttir, markaðsstjóri Smáralindar, segir möguleikana óþrjótandi í Smáralind hvað varðar brúðkaupsundirbúning. MYND/ANTON

# Brúðkaupið frá A til Ö

**Brúðkaup nær hámarki á sjálfan brúðkaupsdaginn en að baki liggja óteljandi klukkustundir af skipulagsvinnu og undirbúningi. Þá er gott að hafa allt á einum stað líkt og í Smáralind.**

### EKKI ER RÁÐ NEMA Í TÍMA SÉ TEKIÐ

Mælt er með því að hefja brúðkaupsundirbúning ári fyrir áætlaðan brúðkaupsdag. Þá hefst mikil vinna enda er að mörgu að huga. Brúðhjónin þurfa til dæmis að ákveða hvort þau vilji skrá sig á gjafalista en slíkt er hægt að gera í Líf og list í Smáralind og Duka sem mun opna nýja verslun í Smáralind um miðjan júnímánuð. Útlitið skiptir miklu máli á stóra daginn og ekki er komið að tómum kofanum í þeim efnum í verslunarmiðstöðinni. Fatnað á herrana má fá í Debenhams, Herragarðinum, Zöru og Dressmann, nærfötin má kaupa í Debenhams, La Sensa og Hagkaup og skóna í hinum fjölmörgu skóverslunum sem eru í Smáralind.

Brúðirnar geta síðan látið dekra við sig á snyrtistofu Hygeu en auk þess bjóða aðrar snyrtivöruverslanir í Smáralind upp á frábært úrval farða og jafnvel förðun á daginn stóra.

### ÞAR GEYMI ÉG HRINGINN

Hvað væri brúðkaup án hringa? Hringa má fá í verslunum á borð við Carat, Jón og Óskar, Meba og Leonard. Þar má einnig fá skart fyrir brúðina auk þess sem brúðgumar geta læðst þangað og keypt morgungjöf handa sinni heittelskuðu.

Í mörgum brúðkaupum eru bæði hringaberar, brúðarmeyjar og -sveinar. Fátt er sætara en lítil börn í fallegum kjólum og jakkafötum. Starfsfólk Debenhams, Name it og fleiri barnafataverslana geta orðið þeim að liði sem eru í slíkum hugleiðingum.

### Í GÓÐRA VINA HÓPI

Langflestar brúðir og brúðgumar eiga góðar stundir með sínum bestu vinum fyrir brúðkaupið. Fyrir gæsun og steggjun er ýmislegt í boði í Smáralind. Upplifið skemmtilega stemningu á einum af mörgum veitingastöðum Smáralindar um leið og hungrið er satt. Skemmtilegir og jafnvel fyndnir aukahlutir fást í Söstrene Grene, Tiger, Ice in a bucket og Megastore, en svo er gott ráð að koma við í Lyfju og kaupa nauðsynjar næsta dags.

### STUNDIN RENNUR UPP

Þá er komið að sjálfri veislunni. Brúðartertan spilar þar stóra rullu en snillingar á Café Adesso eru þrælvanir að útbúa ljúffengar tertur sem öllum líkar. Skreytingar fyrir veisluna má fá í Bjarkarblómi. Þar, og í fleiri verslunum, má einnig fá kerti, servíettur og ýmislegt nýtilegt í veisluna.

Brúðkaupsgestir þurfa ekki að leita langt yfir skammt í Smáralind til að finna hina fullkomnu gjöf fyrir brúðhjón með hin ólíkustu áhugamál. Má þar nefna falleg stell í Líf og list og Duka, útivistarfatnað og -búnað í 66°N, Útilífi og Intersporti auk margs fleira. Það eina sem til þarf er hugmyndaflug. Þeir sem vilja leyfa brúðhjónunum sjálfum að ráða geta líka keypt gjafakort Smáralindar sem hafa verið einstaklega vinsæl.



**● UNDIR BRÚÐARKJÓLINN** Í Debenhams ættu allar brúðir að geta fundið undirföt við sitt hæfi, hvort heldur er í stærðum eða verði. Brjóstahaldarar fást í stærðum frá 70 A til 95 H (stundum jafnvel enn stærri) og síðan er boðið upp á ýmsa fylgihluti til að lengja, fylla og þrýsta. Komdu í mælingu í Debenhams. Kannanir sýna að um 70% kvenna nota brjóstahaldara af rangri stærð. Röng stærð brjóstahaldara getur haft áhrif á hvernig kona ber sig og og hvernig hún lítur út, svo ekki sé minnst á óþægindin sem geta fylgt röngum stærðum.

**● Í PAKKANN** Líf og list í Smáralind er þekkt fyrir að vera með mikið úrval af brúðargjöfum. Algengt er að verðandi brúðhjón setji saman gjafalista sem auðveldar gestum val á brúðargjöf. Vel er haldið utan um þessa gjafalista og þegar brúðkaup er afstaðið fá brúðhjónin inneign í versluninni.



Úrvalið er mikið – yfir 30 gerðir af matarstellum frá t.d. Rosenthal, Wedgwood, Royal Copenhagen, Rosendahl og fleirum. Ótal gerðir af hnífapörum og glösum. Skrautmunir frá mörgum birgjum. Pottar, pönnur og mikið úrval af rafmagnstækjum. Að sjálfsögðu er öllum gjöfum pakkað fallega inn. www.lifoglist.is




# Áhugamálin í pakkann

**Vinsælar brúðargjafir eru gjarnan þær er tengjast heimilinu. Aðrar gjafir sem stundum vilja gleymast eru þær sem miðast út frá áhugamálum og draumum brúðhjónanna og hitta ekki síður í mark. Deili þau ekki sameiginlegum áhugamálum má setja tvo minni hluti í pakkann, einn handa honum og annan handa henni.**







### FERÐALÖG

Hægt er að velja ýmislegt til handa ferðaáhugafólki. Góður sjónauki kemur að góðum notum í fuglaskoðun, fjallgöngum og einfaldlega til að sitja með á fjarlægri strönd og reyna að sjá eins langt út á hafið og hægt er. Atlasinn er vegleg og falleg gjöf sem hægt er að gleyma sér yfir og minni bækur sem fjalla um, til að mynda draumaborg eða -land brúðhjónanna eru fáanlegar í flestum bókaverslunum. Annað sem má nefna eru göngustafir, bakpoki, áttaviti, vönduð stranddýna, vindjakkar og svefnpokar.

### MATREIÐSLA

Áhugafólk um matseld kann yfirleitt vel að meta vandaðar matreiðslubækur en hér á landi eru þær til í miklu úrvali og margar af þeim erlendu verið þýddar yfir á íslensku. Eldhúsáhöld og það sem til þarf í eldhúsið á alltaf vel við brúðhjón sem njóta þess að elda og vilji fólk vera óvenju veglegt eru koparpönnur þar í hæsta gæðaflokki. Gjafakort á matreiðslunámskeið, út að borða á glæsilegum veitingastað, gjafakort í dýrindis sælkeraverslun sem sérhæfir sig í kjöti, fiski, kryddi, ostum, lífrænum matvælum eða öðru slíku eru líka gjafir sem koma oft á óvart.

### ÍÞRÓTTIR OG DANS

Stundi hjónin einhverjar íþróttir saman, svo sem tennis, badminton, sund, hlaup eða séu í dansi má finna gjafir sem henta áhugamálinu. Má þar nefna flottar töskur undir tennisspaðana, fallega íþróttaboli (jafnvel í stíl og með nöfnum brúðhjónanna), sundgleraugu af dýrustu gerð, skrefmæli og geisladiskasafn með danstónlist frá öllum löndum.

### BÓKMENNTIR, LEIKHÚS OG LISTIR

Af nægu er að taka séu brúðhjón höll undir listir og bókmenntir. Vegleg ritsöfn eftir íslenska og erlenda höfunda, listaverk sem nokkrir gestir geta þá jafnvel slegið saman í, leikhúsmiðar, tónleikamiðar og sæti á námskeiðum sem fjalla til að mynda um verk Shakespeares eða nútímatónlist. Þá er hægt að gefa aðgöngumiða á alls kyns söfn hér í bæ, sem og úti á landi sem hægt er að nýta í næstu hringferð.



Upplagt er að gefa brúðhjónum sem hafa gaman af því að fara í leikhús miða á sýningu eða jafnvel fá nokkra til að slá saman í áskriftarkort.



Frumleg hugmynd að brúðargjöf handa sælkerum er að gefa gjafakort í verslun sem sérhæfir sig í kjöti, fiski, ostum, lífrænt ræktuðum matvælum eða öðru spennandi.



Sigrún Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri Nordica Spa, segir námskeið sumarsins afar fjölbreytt. MYND/ANTON

# Nýsköpun er mikilvæg

Nýsköpun í heilsurækt er ekki síður nauðsynleg og jafn mikilvæg hjá líkamsræktarstöðvum í dag eins og hjá öðrum íslenskum fyrirtækjum og þess vegna leggjum við mikla áherslu á síbreytilegt og fjölbreytt úrval námskeiða segir Sigrún Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

„Við leggjum mikið upp úr því að hlusta á þarfir viðskiptavina okkar og bjóða þeim upp á spennandi og árangursríkar lausnir og nýjungar.

Í sumar verða ýmis spennandi námskeið í boði og hafa nöfnin á þeim vakið mikla athygli en þau lýsa innihaldi námskeiðanna vel. Má þar m.a. nefna Brazil Butt Lift sem kemur öllum í bikiníform á örskömmum tíma og Insanity þar sem Sigrún segir þátttakendur ganga á ystu þolmörk. „Það má segja að það námskeið sé fyrir þá sem vilja strax fá „sixpackinn" en með réttu mataræði næst ótrúlegur árangur á því." Einnig byrjuðum við fyrst allra líkamsræktarstöðva með Zumba-fitness sem nýtur gríðarlegra vinsælda og á bara eftir að verða stærra og meira. Í sumar munum við einnig bjóða upp á Zumba Toning. Þar er lögð enn meiri áhersla á vaxtarmótunina og svo erum við líka með Zumbatomic sem er Zumba fyrir unglinga.

Sigrún segir alla starfsmenn Nordica Spa hafa rétta hugarfarið þegar árangur og þjónustulund er annars vegar og nýjungar vefjast ekki fyrir okkur hér.

Við einfaldlega kýlum bara á hlutina. „Í sumar bætist í stóran og góðan þjálfarahóp NordicaSpa: hin eina sanna Unnur Pálmarsdóttir, líkamsræktar- og þolfimifrömuður, sem getið hefur sér gott orð um allan heim. Með Unni koma ýmis spennandi námskeið og nýjungar.

# Indónesískir brúðarkjólar

Sýning á hefðbundnum indónesískum brúðarkjólum fór fram á matar- og tískuhátíðinni í Djakarta í Indónesíu sem haldin var í áttunda sinn og lauk á sunnudag.

Sýndir voru hefðbundnir brúðarkjólar fyrir hvert af hinum 33 héruðum í Indónesíu. Menning er mismunandi á hinum 17.508 eyjum Indónesíu en félagsmótun var þema hátíðarinnar í ár.

Á þeim hluta hátíðarinnar þar sem kastljósinu var beint að tísku komu fram níutíu indónesískir fatahönnuðir. Áhrifamenn í tískugeiranum í Indónesíu voru sammála um að viðburðurinn væri mikilvægur fyrir indónesíska tísku og fatahönnun. Fleiri hönnuðir tóku þátt í ár heldur en undanfarin ár og áhorfendur voru einnig fleiri. *- mmf*



Parið klæðist hefðbundnum brúðkaupsfötum frá Gayo Luwes í Aceh-héraði á nyrsta hluta Súmötru. NORDICPHOTOS/AFP



Hér má sjá hefðbundinn brúðarkjól frá Bangka Belitung héraðinu sem liggur austur af Súmötru.

# HÓTEL BÚÐIR

*Upplifðu einstaka náttúrufegurð og gældu við bragðlaukana á óviðjafnanlegu hóteli*

**Munið gjafabréfin - einstök gjöf fyrir brúðhjón, afmæli og aðrar tækifærisgjafir**

*Nánari upplýsingar í s: 435 6700.*

# *Velkomin á Hótel Búðir*













Hotel Budir | IS-365 Snæfellsnes | Iceland | Tel. +354 435 6700 | Fax. +354 435 6701 | budir@budir.is

# Ráð til handa stressuðum brúðum



Oftar er það brúðurin sem lætur stressið ná tökum á sér í aðdraganda brúðkaups. Allra augu hvíla á henni þegar hún gengur inn kirkjugólfið, stígur brúðarvalsinn og sker fyrstu tertusneiðina ásamt brúðgumanum. Afslöppuð og áhyggjulaus brúður geislar þó miklu frekar af hamingju en stíf og taugatrekkt brúður sem stekkur ekki bros í veislunni.

**Brúðkaupsdagurinn er einn af stærstu dögum lífsins. Tveir einstaklingar lofa ást og tryggð það sem eftir er ævinnar og vilja gjarnan tjalda til því besta í tilefni dagsins. Undirbúningi brúðkaups fylgir þó gjarnan leiður fylgifiskur, stress og taugatitringur, sem getur eyðilagt daginn ef ekkert er að gert.**



Gott skipulag er undirstaða þess að geta sofið róleg um nætur. Byrjaðu tímanlega á skipulagningunni og skrifaðu allt hjá þér. Sumum hentar að skrifa niður í innbundna bók, meðan öðrum finnst betra að skrifa stikkorð á litla miða og líma þá á baðherbergisspegilinn. Farðu þó ekki offari í límmiðunum, of mörg minnisatriði geta einnig aukið á stressið. Virkjaðu fólkið í kringum þig, það er óþarfi að sjá um allt ein.



Ekki gleyma tilgangi dagsins. Þegar öllu er á botninn hvolft skipta nákvæmar litasamsetningar servíetta, blómaskreytinga og kerta engu máli. Þú ert að staðfesta ást þína, ekki að sýna fram á að þú sért fullkomin, það er enginn.



Ræktaðu sambandið við maka þinn allan undirbúningstíma brúðkaupsdagsins. Laumist í bíó og hittist öðru hvoru í hádeginu og borðið eitthvað gott. Reynið að tala ekki um undirbúninginn fyrir brúðkaupið heldur rifja frekar upp skemmtilegar uppákomur í tilhugalífinu, til dæmis þegar þið hittust fyrst eða hittuð tilvonandi tengdaforeldra.



Hárspennur, hársprey og púður er gott að hafa á vísum stað ef lappa þarf skyndilega upp á hárgreiðsluna á stóra daginn. Fáðu vinkonu til að geyma fyrir þig tösku með helstu nauðsynjum til að grípa til ef eitthvað kemur upp á, svo sem naglalakk til að stoppa lykkjuföll í sokkabuxum, snyrtivörur, brjóstsviðatöflur og svitalyktareyði.



Í mörg horn er að líta þegar boðið er til stórrar veislu. Ef stressið er að taka yfirhöndina má reyna eftirfarandi atriði til að koma jafnvægi á sálarlífið.

Dragðu andann djúpt og teldu hægt niður frá tíu. Ef það dugir ekki, grúfðu þá andlitið ofan í mjúkan kodda og öskraðu hressilega.

Skiptu um umhverfi í fimm til tíu mínútur. Göngutúr úti getur gert kraftaverk.

Einnig má setja hressandi lag á fóninn og syngja hátt með. Taktu líka nokkur dansspor, það losar um spennu í líkamanum.

**● GRIPIÐ Í SPIL**



Ef brúðhjónin eru spilafólk getur það orðið góður leikur að dreifa spilabunkum á borðin og gefa sér tíma í að skipuleggja klepparakeppni, kana, eða einfaldlega ólsen ólsen.

Ef þau eiga eitthvert eftirlætisspil, slönguspil, lúdó, nú eða spurningaspil, má líka búa til skemmtilegan veisluleik og efna til spurningakeppni milli aðalréttar og eftirréttar eða einhvern tíma á meðan á veislunni stendur.

Svo getur það verið prýðisborðskreyting að skreyta hvert borð með slönguspili og stytt yngsta fólkinu stundir. Ef aðstandendur skipuleggja þetta án þess að brúðhjón viti getur þetta orðið verulega óvænt ánægja.


Vinsælustu postulínstellin í ...




Bridal

BORÐ FYRIR TVO
LAUGAVEGI 97



Fallegar og hlýjar brúðargjafir



Ítölsk rúmföt frá Bellora

DÚN & FIÐUR
Laugavegi 87 • sími: 511-2004

**● GJÖF TIL GÓÐGERÐARSTARFS** Í heimsókn Obama-hjónanna til Bretlands í síðustu viku gáfu þau hinum nýgiftu hertogahjónum af Cambridge, Vilhjálmi og Katrínu, brúðkaupsgjöf en eins og frægt er orðið var þeim ekki boðið í brúðkaupið.

Obama-hjónin gáfu sex fartölvur sem runnu til góðgerðarsamtakanna PeacePlayers International sem eru samtök sem nota körfubolta til að bæta lífsgæði barna og sameina sundruð samfélög. Þegar leið að brúðkaupsdeginum höfðu Vilhjálmur og Katrín beðið um að brúðkaupsgjafir þeirra rynnu til góðgerðarstarfs í staðinn fyrir hefðbundnar brúðkaupsgjafir. Valdi hjónaefnin 26 hjálparstofnanir sem berjast fyrir málefnum sem ná yfir vítt svið, allt frá villtu dýralífi í Afríku til stuðnings við breskar stríðsekkjur.



**● FELDU BLETTINA** Rauðvínsblettir eru illa séðir á ljósum fatnaði. Ef rauðvín hellist niður í brúðarkjólinn má reyna eftirfarandi ráð. Þurrkaðu sem mest af víninu burt og skvettu hvítvíni yfir blettinn. Eins má reyna sódavatn ef það er við höndina. Ef borðhaldið er stutt á veg komið má reyna að strá salti yfir blettinn og láta það draga í sig rauðvínið, dusta það svo af þegar brúðurin stendur upp síðar um kvöldið. Eins má reyna að púðra yfir blettinn með ljósu andlitspúðri, það felur hann rétt á meðan verið er að smella af myndum.



# Blásið í lúðra

Góð byrjun á brúðkaupsveislu getur skipt sköpum um það hvernig stemning myndast og því eru fyrstu skrefin að veislusalnum oft þau mikilvægustu. Tónlist getur þar skipt mjög miklu máli og lifandi hljóðfæraleikur, í góðu veðri, jafnvel utandyra þar sem gestir eru að tínast til veislunnar, er oft hátíðlegur og gleðjandi.

Séu hljóðfæraleikarar í fjölskyldunni er upplagt að leggja á ráðin og fá þá til að spila en annars má panta hljóðfæraleikara, til dæmis blásara, til að þeyta lúðra meðan brúðkaupsveislan er sett.



Hljóðfæraleikarar geta sett skemmtilegan svip á brúðkaupið í byrjun þegar gesti drífur að.



**●STAÐGÓÐUR MORGUNMATUR**

Mikilvægasta máltíð dagsins er morgunmaturinn, honum er ekki skynsamlegt að sleppa þó mikið standi til. Brúðkaupsdagurinn er dagur mikilla tilfinninga. Þær geta haft áhrif á magasýrurnar og matarlystina og mörg verðandi brúðhjón freistast því til að sleppa morgunmatnum ef maginn er órólegur. Reyndu að útbúa girnilegan morgunverðarbakka til að auka lystina, drekktu nokkra sopa af ávaxtasafa til að kveikja á bragðlaukunum og borðaðu svo gróft rúgbrauð með osti, eplabita og nokkrar skeiðar af AB-mjólk. Ef þú kemur litlu niður um morgunninn, reyndu þá að fá þér ávöxt eða djúsglas eftir morgunsturtuna.


Lúxus · Rómantík · Úrvals veitingastaður · Mannfagnaðir

GREAT HOTELS OF THE WORLD PREMIUM COLLECTION

HOTEL RANGÁ
Luxury Resort & Dining
★★★★

*Draumabrúðkaup á Hótel Rangá*

Hótel Rangá er fjögurra stjörnu lúxushótel, staðsett í rómantísku umhverfi á bökkum Eystri Rangár í aðeins 100 km fjarlægð frá Reykjavík.

Hótelið er í alþjóðlegu hótelkeðjunni Great Hotels of the World og sérhæfir sig í skipulagningu brúðkaupa, hvort sem er t.d. í Oddakirkju eða úti í náttúrunni.

Á hótelinu er dekrað við brúðhjón og aðra gesti; þar er nudd og heitir pottar og séð um allan undirbúning eins og hárgreiðslu, blómaskreytingar og myndatöku.

Brúðarsvítan er afar vinsæl og jafnframt býður hótelið upp á 6 aðrar gullfallegar heimsálfusvítur sem gera brúðkaupið enn eftirminnilegra.

Á Hótel Rangá er frábær veitingastaður með 3 veitingasölum og notalegri setustofu sem henta mismunandi stærðum af veislum. Brúðhjón ein og sér eru líka afar velkomin.

**Hótelið býður upp á 10% afslátt af vinsælum gjafabréfum til brúðkaupsgjafa.**













Loks viljum við minna á að Hótel Rangá býður alla sem eiga stórafmæli á árinu hjartanlega velkomin til sín – www. hotelranga.is/2011





Hótel Rangá | 851 Hella | Sími 487 5700 | Fax 487 5701 | hotelranga@hotelranga.is | www.hotelranga.is

assistent®
FÆST Í FIMM LITUM
Assistent® Original-hrærivélin er lífstíðareign.

Innilegar hamingjuóskir!

MARTELLO
STÓR–SKEMMTILEG!
Beint í bollann – ilmandi ferskt!
ÍTALSKT ESPRESSÓ!

Tefal
FRÁBÆRIR POTTAR OG PÖNNUR
Margar stærðir og gerðir

TÖKUM VEL Á MÓTI VÆNTANLEGUM BRÚÐHJÓNUM OG STOFNUM BRÚÐARGJAFALISTA Í ÞEIRRA NAFNI.
Gjafakort frá Ormsson er góð gjöf!

Tefal ACTIFRY
NÝJUNG !!
NÝTT SNILLDARTÆKI FRÁ TEFAL
Tryggir holla og næringaríka eldamennsku.

brabantia
BRAUÐBOX · FÖTUR
Heimsþekkt hönnun

Tefal
Jamie Oliver
EÐAL POTTAR OG PÖNNUR

AEG
Dásamlegt verkfæri í öll alvöru eldhús!
TÖFRASPROTI MEÐ AUKAHLUTUM

DRAUMARYKSUGAN ER FRÁ AEG
Þær gerast ekki betri!

ZWILLING
ELDHÚSHNÍFAR AF BESTU GERÐ FRÁ Zwilling

SOLIS SAFAPRESSAN VINSÆLA
Solis OF SWITZERLAND
Hollir ávaxta- og grænmetisdrykkir með safapressu frá SOLIS.

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160




Andrés prins og Sarah Ferguson gengu í það heilaga árið 1986. Andrés gaf Söruh flugtíma í morgungjöf.

# Gjafir stjarnanna

**Gjafirnar sem stjörnur og kóngafólk fá á brúðkaupsdaginn eru oftar en ekki nokkuð öðruvísi en þær sem meðaljóninn óskar sér. Hér eru nokkur dæmi um slíkar.**



● **Stella McCartney** og Alasdhair Willis giftu sig árið 2003. Á mælikvarða stjarnanna var brúðkaupið lágstemmt en þau giftu sig í kaþólskri kapellu í Skotlandi og Stella klæddist endurbættum kjól móður sinnar Lindu frá því hún giftist Paul árið 1969. Í anda brúðkaupsins báðu þau gesti sína um að gefa sér tré í brúðargjöf. Þau ætluðu hjónin að nota til að rækta skóg á 1,3 milljón dala landareign þeirra í Worcestershire.



● Þegar Karl og Díana giftu sig árið 1981 var ein af gjöfunum sem þau fengu fallegt 500 þúsund punda demantsprýtt módel af báti.

● **Victoria og David Beckham** giftu sig árið 1999. Þau báðu gesti sína um að gefa sér inneignir í hinum ýmsu verslunum enda eru þau þekkt fyrir mikla kaupgleði.

● Andrés Bretaprins gaf Söruh Ferguson afar hugmyndaríka morgungjöf. Hann gaf henni flugtíma svo hún gæti lokið við einkaflugmannsprófið.

● Catherine Zeta-Jones og Michael Douglas báðu ekki um neinar gjafir í brúðkaupi sínu heldur beinharða peninga. Nánar tiltekið höfðu þau stofnað góðgerðasjóð í nafni sonar síns, Dylans, og báðu gesti um að láta fé af hendi rakna í sjóðinn. Þegar drengurinn verður átján mun allstór summa bíða hans sem hann getur deilt út til góðgerðarmála eftir eigin óskum.


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir

Komin aftur !
Síðasta sending rauk út !
Ótrúlegt verð
Nature's Rest heilsurúm
Verðdæmi:
90x200 cm kr. 65.900,-
100x200 cm kr. 69.900,-
120x200 cm kr. 75.900,-
140x200 cm kr. 79.900,-



OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-17
Sun frá kl. 13-17
DORMA
– býður góða nótt
Gerðu gæða- og verðsamanburð!
Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is



● **HUGSUÐURINN** Afsteypa af styttunni Hugsuðinum eftir Auguste Rodin sómir sér vel á hverju heimili og er því sígild brúðkaupsgjöf. Hún minnir á að í hjónabandinu er glímt við ýmsar grundvallardyggðir í mannlegu fari, svo sem skilning, heilindi, skyldur, réttlæti, vináttu og ást.



● **MARSERANDI BRÚÐIR** Á laugardag fór fram Brúðarskrúðganga í bænum Odessa í Úkraínu. Um fimmtíu konur tóku þátt en allar úkraínskar konur sem áttu brúðarkjól og höfðu löngun til gátu tekið þátt í viðburðinum. Brúðirnar marseruðu um bæinn og myndataka fór fram við Óperuhúsið. Í lok skrúðgöngunnar hentu brúðirnar blómvöndum til áhorfenda eins og gerist í hefðbundnum brúðkaupum.

Brúðarskrúðgangan er viðburður sem hófst í nokkrum úkraínskum borgum fyrir fáeinum árum. Ákveðið var að halda Brúðarskrúðgönguna til að styrkja álit almennings á fjölskyldunni, brúðkaupi og móðurhlutverkinu. Einnig var markmiðið að glæða löngun úkraínskra stúlkna til að verða brúðir, eiginkonur og mæður.




**„Þrif eru óhjákvæmilegur hluti af heimilishaldi og það einfaldar þau ótvírætt að hafa gott verkfæri," segir Ásgrímur Guðmundsson, verslunarstjóri í Fönix.** MYND/VALLI

# Gjöf sem reynist vel

„Því fylgir góð tilfinning að gefa öðrum það sem reynst hefur vel. Þess vegna hafa Nilfisk-ryksugur verið vinsæl gjöf til ungra brúðhjóna í gegnum tíðina. Þær eru góðar og vandaðar og sannarlega með nauðsynlegri tækjum heimilisins," segir Ásgrímur Guðmundsson, verslunarstjóri Fönix í Hátúni 6, en sú verslun hefur umboð fyrir hinar velþekktu Nilfisk-ryksugur.

Fönix fagnar 75 ára rekstrarsögu á þessu ári. Svo til allan tímann hefur fyrirtækið boðið Nilfisk-ryksugurnar til sölu og veitt þjónustu og ráðgjöf en Ásgrímur segir úrvalið hafa aukist stórlega.

„Á árum áður var aðeins ein gerð af heimilisryksugu á boðstólum hverju sinni – þessi gamla góða – eins og viðskiptavinir okkar segja gjarnan. En í dag eru til margar gerðir af Nilfisk-ryksugum, ýmsir litir og stærðir og kraftur-inn er engu líkur," segir Ásgrímur og bætir við. „Þó svo að þrifin séu almennt ekki það sem ungt, nýgift fólk hlakkar mest til að sinna á heimilinu eru þau óhjákvæmilegur hluti af heimilishaldi og það einfaldar þau ótvírætt að hafa gott verkfæri. Því er Nilfisk-ryksuga klassísk brúðkaupsgjöf sem kemur sér alltaf vel."

NILFISK
Hrein snilld



1936 75 2011
ÁRA
FÖNIX
- eitthvað gamalt og gott
Hátúni 6a • 105 Reykjavík
Sími 552 4420 • www.fonix.is

# Allt sem þarf til að njóta góðs matar

**Brúðargjafalistar geta verið bæði brjúðhjónunum og gestum þeirra til mikillar hagræðingar. Hjá versluninni Kokku er hægt að útbúa brúðargjafalista á netinu.**



**Guðrún Jóhannesdóttir, einn af eigendum verslunarinnar Kokku á Laugavegi, segir brúðargjafalista sérstaklega hentuga fyrir gestina.** MYND/GVA

„Þessa þjónustu höfum við boðið upp á í mörg ár og hún verður alltaf vinsælli enda mjög þægileg, ekki síst fyrir gestina," segir Guðrún Jóhannesdóttir, einn eigenda verslunarinnar Kokku á Laugavegi 47.

Brúðhjónin fara inn á vefverslunina á Kokka.is, velja vörur í körfu og senda inn sem brúðargjafalista. En svo er líka gott að kíkja við á Laugaveginum og skoða, enda er meira úrval þar en í vefversluninni. Ef fólk óskar þess er listinn settur upp á vefsíðunni þar sem allir geta farið inn á hann en einnig er hægt að hafa listann einungis aðgengilegan í versluninni. „Ekki kæra sig allir um að opinbera óskir sínar á netinu en það getur verið mjög hentugt, til dæmis ef brúðkaupið er úti á landi. Gestirnir geta þá pantað vöruna og fengið hana senda hvert sem er. Við pökkum gjöfinni inn fyrir fólk og þá er einnig hægt að koma við og sækja pakkann, á leiðinni í veisluna."

Kokka var opnuð árið 2001 af Guðrúnu, tveimur systrum hennar og móður. Þær eru allar áhugamanneskjur um mat og áhöld til matargerðar og bjóða upp á fjölbreytt úrval af eldhúsáhöldum og borðbúnaði í versluninni. Áhersla er lögð á vandaðar vörur og gæði og segir Guðrún auðveldlega hægt að finna gjafir handa fjölbreyttum hópi fólks í Kokku.

„Við bjóðum allt sem til þarf í eldhúsið til að njóta góðs matar. Það er allur gangur á því hvað verðandi brúðhjón setja á listann hjá sér. Stellin eru mjög vinsæl en og eins er fólk að nota tækifærið og setja vörur á listann sem fólk hefur kannski lengi langað í," segir Guðrún. „Eitt af vinsælli merkjunum hjá okkur í áhöldum og pottum er Rösle en þeir bjóða 10 ára ábyrgð á öllum sínum vörum. Einnig erum við með skemmtilegt postulín frá Kahla í Þýskalandi en sú verksmiðja hefur verið starfrækt frá árinu 1842. Kahla hefur síðustu 15 ár fengið yfir 60 hönnunarverðlaun og vinnur mjög skemmtilega hluti í samstarfi við unga hönnuði og listaháskóla. Til dæmis er skemmtilegt frá að segja að Kahla var í samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur í vetur og eru nemendur þaðan á leið til Berlínar að sína hönnun sína. Í versluninni erum við með fimm mismunandi stell frá Kahla sem hægt er að blanda saman en hlutirnir ganga allir hver með öðrum. Góðar piparkvarnir eru líka alltaf vinsælar í brúðkaupsgjafir. Við erum með Peugot-kvarnir og á þeim er 30 ára ábyrgð."

En þykja brúðargjafalistar ekkert lummó?

„Nei, alls ekki, fólki finnst þetta miklu frekar þægilegt fyrirkomulag. Ég ráðlegg brúðhjónum eindregið að hafa listann sem fjölbreyttastan, og vera frekar með meira en minna á listanum. Bæði skemmtilega ódýrari hluti fyrir einstaklinga að gefa og líka veglegri gjafir sem margir geta slegið saman í."



**Glerdiskur frá Iittala.**

**Fallegt stell frá Iittala.**

# MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA






*Sérstök brúðkaupsgjöf*

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum




Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir

Gildir um KitchenAid hrærivélar

**KitchenAid**

FOR THE WAY IT´S MADE




**Saeco kaffivélar**

*– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil*

## Glænýr blandari frá KitchenAid

*- Alvöru tæki fyrir kröfuharða*



*Aðeins brot af úrvalinu.*
*Verið velkomin í verslun okkar.*

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is